



Reykjavíkurborg

**Samningur um viðskiptavakt á eftirmarkaði
með skuldabréf Reykjavíkurborgar**

Samningur um viðskiptavakt á eftirmarkaði með skuldabréf Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og XXXXXXXXXXXX, kt. XXXXXX-XXXX, hér eftir nefndur viðskiptavaki, gera með sér eftirfarandi samning um viðskiptavakt með bréf Reykjavíkurborgar á eftirmarkaði.

Samningur þessi er samhljóða samningum sem gerðir verða við aðra viðskiptavaka.

Markmið þessa samnings er að efla verðmyndun á eftirmarkaði með skuldabréfin og stuðla að auknum seljanleika þeirra.

1. gr.

Útboð skuldabréfa

Útboð skuldabréfa Reykjavíkurborgar verða haldin með reglubundnum hætti og tilkynnt í fréttakerfi kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi a.m.k. einum viðskiptadegi fyrir útboð.

3. gr.

Skyldur viðskiptavaka á eftirmarkaði

Viðskiptavaki skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi fyrir opnun markaðar í þá flokka sem falla undir 5. grein.

Lágmarkstilboðsskylda er í samræmi við flokka skuldabréfa og er útlistuð í 5. grein. Jafnframt er viðskiptavaka skyld að endurnýja tilboð sín í kauphöllinni innan 15 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið.

Hámarksverðbil kaup- og sölutilboða viðskiptavaka ákvarðast af verði gildra tilboða og má mest vera 1,0%.

Eigi viðskiptavaki, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 90 m.kr. að nafnvirði í RVK 53 1 (viðskipti tilgreind “AUTO”) er honum heimilt að víkja frá skyldum um hámarksverðbil kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskipadags í þeim flokki.

Eigi viðskiptavaki, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 120 m.kr. að nafnvirði í RVKN 35 1 (viðskipti tilgreind “AUTO”) er honum heimilt að víkja frá skyldum um hámarksverðbil kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskipadags í þeim flokki.

Eigi viðskiptavaki, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 120 m.kr. að nafnvirði í RVK 32 1 (viðskipti tilgreind “AUTO”) er honum heimilt að víkja frá skyldum um hámarksverðbil kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskipadags í þeim flokki.

4. gr.

Greiðsla og útreikningur þóknunar

Til ráðstöfunar fyrir alla viðskiptavaka eru samtals 42.000.000 kr., þar af 21.000.000 kr. fyrir tímabilið 1. apríl 2019 til 30. september 2019 og 21.000.000 kr. fyrir tímabilið 1. október 2019 til 31. mars 2020, miðað við eftirfarandi forsendur:

- i. 2/3 hlutar þóknunar skiptist jafnt milli viðskiptavaka eftir fjölda þeirra. Ef einhver viðskiptavaki bætist í hópinn þegar liðið er á tímabilið eða hættir þegar liðið er á það skal hann hljóta hlutfallslega þóknun í samræmi við það tímabil sem hann sinnir viðskiptavaktinni.
- ii. 1/3 hluti þóknunar reiknast af markaðshlutdeild viðskiptavaka í viðskiptum allra viðskiptavaka í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi (viðskipti tilgreind „AUTO“) með þá flokka sem tilgreindir eru í 5. gr. næstliðna sex almanaksmánuði. Við útreikning á þóknun verður einungis tekið tillit til viðskipta viðskiptavaka en ekki viðskipta annarra miðlara hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Greiðsla þóknunar samkvæmt ofangreindu skal eiga sér stað innan sjö daga frá lokum tímabils.

5. gr.

Flokkar skuldabréfa

Skuldabréfaflokkarnir og lágmarkstilboðsskylda hvers flokks sem samningur þessi nær til varðandi viðskiptavakt á eftirmarkaði er eftirfarandi:

Skuldabréfaflokkur	Tilboðsskylda
RVK 53 1	30 m.kr.
RVKN 35 1	40 m.kr.
RVK 32 1	40 m.kr.

6. gr.

Áhrif markaðstruflana

Ef alvarleg truflun verður á markaði og tímabundin niðurfelling verður á ákvæðum aðalmiðlarasamnings um ríkisbréf eða íbúðabréf, falla sambærileg ákvæði í þessum samningi einnig niður yfir sama tímabil án þess að samningsaðilar þurfi sérstaklega að samþykkja það í hvert skipti.

Ef alvarleg truflun verður á markaði getur Reykjavíkurborg að undangengnum símafunði og að fenginni umsögn viðskiptavaka, felld einstök ákvæði þessa samnings tímabundið úr gildi.

Viðskiptavaka er jafnframt heimilt, í samráði við Reykjavíkurborg, að falla frá skyldum sínum skv. samningi þessum til þess að leggja fram kaup- og sölutilboð, tímabundið eða varanlega, hvenær sem er á samningstímanum ef markaðsaðstæður eru með þeim hætti að verðmyndum með skuldabréfin í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi er óviss, hrun verður á markaði, viðskipti er stöðvuð tímabundið eða þeim hætt eða ef staða Reykjavíkurborgar er þannig háttáð að óvissa er um getu hennar til þess að standa við greiðsluskuldbindingar sínar.

7. gr.

Samskipti og upplýsingagjöf

Viðskiptavaki skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg heldur fundi með viðskiptavökum eftir því sem hann telur þörf á.

Tilkynningar um samskipti milli samningsaðila samkvæmt samningi þessum skulu fara fram í gegnum tölvupóst, nema annað sé tekið fram.

xxx Banki

Heimilisfang, xxx Reykjavík

Netfang:

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Netfang: fjarstying@reykjavik.is

8. gr.

Fyrirgreiðsla til viðskiptavaka

Reykjavíkurborg veitir viðskiptavökum sérstaka fyrirgreiðslu og eru reglur um hana í viðauka sem fylgir þessum samningi og heldur gildi sínu á meðan samningur þessi er í gildi. Fyrirgreiðslan felst í því að viðskiptavakar mega einir fá sérstök verðbréfalán hjá Reykjavíkurborg, gegn tryggingu.

9. gr.

Kaup útgefanda á eigin bréfum

Til þess að styðja við eðlilega verðmyndun getur Reykjavíkurborg keypt skuldabréf sín af viðskiptavökum og skal hann gefa þeim öllum færi á að bjóða bréf til sölu.

10. gr.

Ábyrgð

Aðilar samningsins eru undanþegnir ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (Force Majeure), s.s. breytingu á lögum, aðgerðum yfirvalda, náttúruhamförum, hryðjuverkum, styrjöldum, rafmagnsleysi, bilun á fjarskiptasambandi, atvikum sem valda vatnstjóni, eldsvoða, verkfalli, hafnbanni, viðskiptabanni eða verkbanni. Að því er varðar verkfall, hafnbann, viðskiptabann og verkbann gildir ofangreind undanþága frá ábyrgð jafnvel þó aðili samningsins sé sjálfur þolandi eða gerandi í slíkri aðgerð.

Ef aðila er ekki unnt að efna skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, að hluta til eða öllu leyti, vegna óviðráðanlegra atvika, sbr. 1. málsgrein, er aðila heimilt að fresta því að efna þær skyldur þar til honum er það kleift.

Samningsaðili ber ekki ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda gagnaðila sínum í tengslum við samning þennan ef fyrrnefndur samningsaðili hefur hegðað sér í samræmi við almennt viðurkenndar hegðunarreglur og góða viðskiptahætti.

11. gr.

Nýir viðskiptavakar

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að gera samhljóða samninga við nýja viðskiptavaka á samningstímanum og skal slíkur samningur gilda frá undirskrift og ekki vera afturvirkur hvað varðar hlutdeild í þóknunum.

12. gr.

Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi tekur gildi 1. apríl 2019 og gildir til 31. mars 2020. Telji annar samningsaðilinn að alvarleg brot hafi verið gerð á samningi þessum getur hann sagt honum upp án fyrirvara. Aðilar samnings þessa geta hvor um sig sagt honum upp hvenær sem er með einnar viku fyrirvara án þess að nefna fyrir því sérstakar ástæður. Uppsögn skal tilkynnt skriflega til mótaðila.

Með samningi þessum falla úr gildi eldri samningar á milli samningsaðila í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt á eftirmarkaði hafi þeir verið til staðar.

Reykjavík, XX. mars 2019

f.h. Reykjavíkurborgar,
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

f.h. XXXXXXXXXXXXX
